# FLAGBJARNARHOLT í Rangárþingi ytra
## Deiliskipulag íbúðar- og útihúss




Deiliskipulagsuppdráttur. Mkv. 1:2.000.




Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.

**GREINARGERÐ**

**1. Inngangur**

Deiliskipulagið tekur til um 3 ha af jörðinni Flagbjarnarholti, landnr. 164999, í Rangárþingi ytra. Gert er ráð fyrir að byggja íbúðarhús og útihús. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 en þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**Kortagrunnar og skipulagsgögn**

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnit eru í ISN93. Skipulagsgögn eru þessi:

I. Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000, sem sýnir byggingarreiti, hugsanlega staðsetningu húsa, aðkomu og bílastæði.
ii. Afstöðumynd í mkv. 1:15.000, sem sýnir afstöðu svæðisins til aðliggjandi jarða.
iii. Afstöðumynd í mkv. 1:50.000 sem er hluti af aðalskipulagsuppdrætti fyrir Rangárþing ytra 2010-2022.

**Fornminjar**

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

**2. LÝSING DEILISKIPULAGS**

**Aðkoma og bílastæði**

Aðkoma er af Landvegi (nr. 26), um Flagbjarnarholtsveg (nr. 2784) og núverandi aðkomuveg að útihúsum í Flagbjarnarholti. Bílastæði eru sýnd á deiliskipulagsuppdrætti.

**Byggingar**

Á byggingareit B1 er heimilt að byggja allt að 250 m² íbúðarhús. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 6 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsið.
Á byggingareit B2 er heimilt að byggja allt að 400 m² útihús. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 8 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsið.

**Veitur**

Nýjar byggingar tengjast rafveitu frá RARIK, vatnsveitu á torfunni og hitaveitunni Dvergasteini sf. Frárennsli skal leitt í hreinsivirki skv. kröfum heilbrigðiseftirlits og reglugerð um fráveitur nr. 796/1999.

**3. ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR**

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Mænisstefna er frjáls.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 m.s.b. var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann __________

f.h Rangárþings ytra

_________________________________________




Afstöðuuppdráttur. Mkv. 1:20.000.

| | | |
|---|---|---|
| STEINSHOLT | FLAGBJARNARHOLT<br>Deiliskipulag | |
| Suðurlandsvegi 1-3<br>850 Hella. S. 487 7800<br>www.steinsholtsf.is | Verk: 8613 DI146<br>Mkv: 1:2.000 / 1:20.000<br>Blaðstærð: A3 | Dags: 24.05.2013<br>Breytt: |
| Hannað: GG, IS<br>Teiknað: IS | Samþykkt: | |